



Skipulags- og samgönguráð

Tímabundnar göngugötur - framhald: Laugavegur milli Frakkastígs og Klapparstígs ásamt Vatnsstíg milli Laugarvegs og Hverfisgötu

Lagt er til að eftirfarandi götur verði áfram tímabundnar göngugötur þar til deiliskipulag hefur tekið gildi:

- Laugavegur milli Klapparstígs og Frakkastígs
- Vatnsstígur milli Laugarvegs og Hverfisgötu

Almenn umferð og bifreiðastöður verði óheimilar. Akstur vegna vöruafgreiðslu verði heimilaður milli kl. 7 og 11 virka daga og milli kl. 8 og 11 á laugardögum. Aðgengi íbúa/starfsemi með bílastæði inni á lóð við göturnar verði tryggt. Tímabundnar göngugötur verði merktar með viðeigandi merkjum í samræmi við reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra.



Greinargerð:

Skipulags- og samgönguráð samþykkti í september 2020 að umræddar götur yrðu áfram tímabundnar göngugötur frá 1. október 2020 til 1. maí 2021. Nýtt deiliskipulag fyrir Laugavegin sem göngugötu, 2. áfanga sem nær yfir Laugaveg frá Klapparstíg að Frakkastíg auk Vatnsstígs, var samþykkt í skipulags- og samgönguráði 10. mars 2021 að lokinni auglýsingu. Borgarráð samþykkti tillöguna þann 18. mars og borgarstjórn þann 20. apríl. Að óbreyttu tekur deiliskipulagið gildi eftir auglýsingu í Stjórnartíðindum á næstu vikum og umræddir götukafar verða þá varanlegar göngugötur.

fyrir hönd skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar

Þorsteinn R. Hermannsson
Samgöngustjóri